



SAMTÖK DRAGNÓTAMANNA

Fiskislóð 83, 101 Reykjavík, Sími 893-5494 Fax 552-5495 E-mail fg56@vortex.is
www.dragnot.is

Reykjavík, 4. apríl 2011.

**Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,
Hr. Jón Bjarnason,
Skúlagötu 4, 150 Reykjavík.**

Mál nr. 6144/2010 hjá Umboðsmanni Alþingis.

Samtök dragnótamanna þakka bréf ráðuneytisins frá 7. mars sl. Enn kýs ráðherra þó að svara ekki þeim spurningum sem lagðar eru fram.

Það er einkennileg afstaða telji ráðherra það ekki hafa skipt máli að honum hafi verið kunnugt um afstöðu fulltrúa Veiðimálastofnunar í nefnd um dragnótaveiðar í Skagafirði og að sá hinn sami hafi, sem sveitastjórnarmaður í Skagafirði, beitt sér gegn dragnótaveiðum. Samtök dragnótamanna líta þetta mjög alvarlegum augum, sérstaklega með tilliti til þess að LÍÚ óskaði eftir því við ráðuneytið að hagsmunaaðilar fengju fulltrúa í nefndina þegar ljóst var hvernig hún var skipuð. Þeirri ósk var hafnað.

Úr svari Sjávarútvegsráðuneytisins frá 25. janúar 2010: „Hóþinn skipa þrír fulltrúar vísinda / rannsóknastofnana, og ekki er unnt að fallast á að bæta í hann fulltrúum hagsmunaaðila.“

Því er spurt:

- 1) *Af hverju hafnaði ráðherrann því að hagsmunaaðilar fengju fulltrúa í nefndina til að tala máli dragnótamanna þar sem ráðherrann réttilega telur eðlilegt að menn andstæðra sjónarmiða sitji í slíkri nefnd?*

Í tölulíð 2 í svari ráðherra eru fullyrðingar sem krefjast nánari skýringa. Þar segir m.a. að ekki hafi verið fullyrt að dragnótin valdi allstaðar skaða og að það hafi ekki heldur verið afsannað.

Því er spurt:

- 2) *Í hvaða gögnum hefur verið sýnt fram á að dragnótin valdi skaða?*
- 3) *Er eitthvert það veiðarfæri til sem seinni fullyrðingin – „ekki verið afsannað“ – á ekki við?*

Fullyrðingar um afköst eru ekki studdar neinum rökum. Tölulegar staðreyndir eru hinsvegar þær að samanlagður afli þeirra tíu dragnótabáta sem gerðir voru út frá

Norðurlandi á síðastliðnu fiskveiðiári var 2.725,4 tonn af mun blandaðri afla en önnur veiðarfæri skila. Tíu aflahæstu trillurnar í krókaflamarki skiluðu 11.758,3 tonnum eða 431 % meiri afla. Enda eru dragnótabátarnir að veiða samkvæmt aflamarki og því með öllu óskiljanlegt af hverju ráðherra grípur til svo haldlausra raka.

Því er spurt:

- 4) *Hvaðan hefur ráðherra þá skilgreiningu að dragnótin sé afkastameiri en önnur veiðarfæri?*
- 5) *Hefur ráðherrann undir höndum gögn sem styðja að það hafi þurft að hvíla Skagafjörðinn vegna dragnótaveiða – þetta eru alveg nýjar upplýsingar fyrir dragnótamenn?*
- 6) *Hvað á Skagafjörður sameiginlegt með norskum fjörðum sem liggja innan við þéttan skerjagarð þar sem úthafsaldan nær ekki að róta botninum?*
- 7) *Hvaða fiskistofnar sem veiðst hafa í dragnót í Skagafirði eru staðbundnir?*

Orðið grunnslóð er orð yfir svæði þar sem stutt er frá yfirborði sjávar til botns og þarf engar sérstakrar friðunar við.

Því er spurt:

- 8) *Hvað er það á grunnslóðinni sem ríkisstjórnin telur að þurfi að friða en þeir sem rannsaka grunnslóðina koma ekki auga á?*
- 9) *Hefur sú stefna ríkisstjórnarinnar um að friða grunnslóð fengið einhverja lýðræðislega umfjöllun?*

Í bréfi dragnótamanna, sem ráðherra svarar þann 7. mars sl., var ekki verið að spyrja af hverju ráðherra svaraði ekki ósk dragnótamanna um fund frá júní 2009. Ekki var heldur verið að spyrja ráðherra af hverju hann varð ekki við skriflegri ósk dragnótamanna þann 8. júlí 2010, þar sem þeir óskuðu þess að framkomnar tillögur um lokanir fyrir dragnót fengju faglega umfjöllun. Ekki var heldur spurt um nokkur önnur ólýðræðisleg, ófagleg vinnubrögð ráðherra eða með hvaða hætti hann hefði traðkað á réttlætiskennnd dragnótamanna með því að hunsa öll rök og fara gegn upplýsingum frá okkar færustu vísindamönnum. Það var einfaldlega spurt hver væru vistfræðilegu rökin fyrir þessum lokunum. Því hefur ráðherrann enn ekki svarað þrátt fyrir ítrekaðar spurningar.

Því er enn spurt:

- 10) *Hver eru hin vistfræðilegu rök sem styðja þá ákvörðun að loka fjölda svæða við landið fyrir veiðum með dragnót?*

Samtök dragnótamanna eru samtök um vistvænar strandveiðar og hafa ítrekað lýst því yfir að þau séu tilbúin að ræða lokanir hvar og hvenær sem er sé það gert á vistfræðilegum forsendum. Ráðherra hefur því miður engu svarað með neinum rökum.

Það er rangt í svari ráðherra að árekstrar hafi verið við önnur veiðarfæri í Skagafirði enda hefur aldrei verið kastað dragnót í 60% fjarðarins sem er á þeim hluta sem hentar til línuveiða.

Um leið og Samtök dragnótamanna óska þess að fá send þau norsku gögn (kystorrskgruppen) sem vitnað er til í tölulið 3 í svarbréfi ráðherra frá 7. mars 2011 er spurt:

11) Telur ráðherra að það sé vænlegri kostur að veiða þorsk á grunnslóð á búsvæðum smáfiska á línu, sem er ábyrg fyrir 80% skyndilokanna vegna smáfiskadráps, en í dragnót?

Samtök dragnótamanna óska eftir skriflegu svari.

F.h. Samtaka dragnótamanna,

Friðrik G. Halldórsson